

Nd.

101. Frumvarp til laga

[91. mál]

um breyting á framfærslulögum nr. 80/1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Nú hefur móðir barns, er meðlag hefur tekið samkvæmt meðlagsúrskurði, skilnaðarbréfi eða staðfestum samningi um meðlagsgreiðslur, verið gift í 3 ár eða búið ógift með karlmanni, er telja verður fyrirvinnu heimilisins, jafnlangan tíma og fellur þá úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af dvalarsveit sinni, ef skattskyldar tekjur hennar og mannsins samkvæmt skattframtali nema hjónalífeyri samkvæmt almannatryggingalögum eða meiru.

2. gr.

55. gr. 2. mgr. orðist svo:

Nú hefur dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns orðið að greiða meðlag eða kostnað samkvæmt 11. gr. og 14. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna eða samsvarandi greiðslur samkvæmt lögum um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og skal þá framfærslusveit þeirri, er barnsfaðir átti, þegar meðlag það, sem endurkrafíð er, féll í gjalddaga, skylt að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið og kostnaðinn að fullu og telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

3. gr.

57. gr. 1. mgr. orðist svo:

Þegar dvalarsveit hefur greitt meðlag og kostnað, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar, innan sex vikna frá greiðslu meðlags eða kostnaðar, senda til sveitarstjórnar framfærslusveitar kröfu um endurgreiðslu og skal þá greiða skuldina innan sex mánaða frá móttöku kröfunnar. Kvittun barnsmóður eða framfærslumanns, afrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins skal fylgja kröfu sveitarstjórnar dvalarsveitarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af nefnd þeirri, sem starfað hefur að endurskoðun á lögum um almannatryggingar. Sú nefnd hefur einnig gert frumvarp til laga, um breytingu á lögum nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Er frumvarp það, sem hér liggur fyrir samið í samræmi við breytingu þá, sem nefndin leggur til að lögfest verði, varðandi greiðslu meðlaga með óskilgetnum börnum og börnum fráskilinna kvenna. Í framfærslulögum er einnig gert ráð fyrir, að slíkar greiðslur séu á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, þarf því að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði. Þetta eru í höfuðatriðum þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Skal nú vikið að einstökum greinum.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir skilyrðislausum rétti barnsmóður til þess að dvalarsveit greiði meðlag með barni hennar eða börnum fyrstu 3 árin, eftir að hún giftist, en að þessum tíma liðnum á hún því aðeins þenna rétt, að skattskyldar tekjur hennar og mannsins, sem hún giftist eða býr með fari ekki fram úr hjónalífeyri samkvæmt almannatryggingalögum. Efnahagsviðmiðun var áður fyrir í lagaákvæðum varðandi þetta atriði, en var afnumin í sambandi við setningu almannatryggingalaganna. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Sú ein breyting felst í þessari grein, sem leiðir beint af þeirri breytingu, að ætlazt er til að dvalarsveit móður komi í stað Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 3. gr.

Það gildir hið sama um þessa grein og það, sem sagt var um 2. gr. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.